

## GJALDSKRÁ

### um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

1. gr.  
*Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 36/2010 um sorphirðu og sorpeyðingu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

2. gr.  
*Sorphirðugjald.*

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnaði í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af grátunnu og blátunnu og miðast við stærð þeirra ílata og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnaði.

<i>Ílátastærð</i>	<i>Grátunna</i>	<i>Blátunna</i>
240 l	13.109 kr.	5.686 kr.
660 l	37.828 kr.	17.406 kr.
1.100 l	62.169 kr.	28.135 kr.

*Grátunna:* losun á 14 daga fresti.

*Blátunna:* losun á 42 daga fresti.

3. gr.  
*Sorpeyðingargjald.*

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi, íbúðarhúsnaði, frístundahúsnaði og atvinnuhúsnaði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ársgrunni ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

<i>Íbúðarhúsnaði</i>	15.854 kr.
<i>Frístundahúsnaði</i>	10.466 kr.
<i>Lögbýli</i>	6.978 kr.
<i>Fyrirtæki</i>	13.955 kr.

4. gr.

*Gjaldtaka á móttökustöð.*

Gjaldfrjálst verður á gámastöð fyrir allt að 3 m<sup>3</sup> vikulega. Umframmagn er gjaldskyld á móttökustöð, miðað við m<sup>3</sup> þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m<sup>3</sup> er kr. 4.000.

5. gr.

*Gjaldtaka þjónustuverktaka.*

Gjaldtaka þjónustuverktaka gagnvart frístunda- eða atvinnuhúsnaði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingaverð skal aldrei vera hærra en verksamningur tilgreinir.

6. gr.

*Samþykki og staðfesting*

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 21. nóvember 2012 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 18. desember 2012. Gjaldskráin

Nr. 1270

21. desember 2012

gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 143/2012 fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 21. desember 2012.*

**Ingibjörg Harðardóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2013